

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
53. fundur, haldinn að Lyngási 12, 23. nóvember 2012

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Einar Kr. Haraldsson, Skúli Björn Gunnarsson og Jóhann F. Þórhallsson. Þórhallur Þorsteinsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Orri Páll Jóhannsson landvörður.

Dagskrá:

1. **Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
2. **Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs**
3. **Stjórnunar- og verndaráætlun - breytingar**
4. **Næsti fundur**
5. **Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 52. fundar undirrituð.

2. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs

Björn Ármann sagði frá umræðu um atvinnustefnu sem tekin var á síðasta stjórnarfundum þjóðgarðsins. Fyrirtækið Alta hefur verið fengið til að aðstoða þjóðgarðinn við gerð atvinnustefnu. Svæðisráð ræddi sín sjónarmið um atvinnustefnu og tók sérstaklega til umræðu þá þrjá þætti sem

Áhrifasvæði: Að mati svæðisráðs er annars vegar eðlilegt að skilgreina áhrifasvæði þjóðgarðsins sem þau sveitarfélög sem land innan þjóðgarðs tilheyrir. Hins vegar að taka með sveitarfélög sem eru landfræðilega og samfélagslega í jaðri þjóðgarðsins, eins og Djúpvavogshreppur og Breiðdalshreppur á Austursvæði.

Hagsmunaaðilar: Að mati svæðisráðs er einfaldasta skilgreining á hagsmunaaðilum við gerð atvinnustefnu þeir sem nýta eða njóta landgæða þjóðgarðsins. Frá því fyrir stofnun þjóðgarðsins er til slíkur listi yfir hagsmunaaðila á „áhrifasvæði Austursvæðis“ en hann þarf að uppfæra. Þegar slíkur listi liggur fyrir er hægt að meta hvernig þjóðgarðurinn býður hagsmunaaðilum að koma að gerð atvinnustefnunar og á hvaða stigum. Svæðisráð vísar annars til þess að svæðisráðin hafa innan sinna raða fulltrúa margra hagsmunaaðila á áhrifasvæðum þjóðgarðsins og eiga sem slík að taka ríkan þátt í gerð atvinnustefnunnar á hverju svæði.

Atvinnuþróun: Að mati svæðisráðs á þjóðgarðurinn að standa við það sem boðað var við stofnun hans og kemur fram í lögum og reglugerð, þ.e. að styrkja byggð og efla atvinnustarfsemi í nágrenni hans. Það verði best gert með hvatningu og skýrum reglum fyrir þá sem vilja stunda atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsmarka. Þjóðgarðurinn geti einnig stutt við atvinnuþróun með virku samstarfi á hverju svæði. Svæðisráð telur að lykilatriði í atvinnustefnu og aðkomu þjóðgarðsins að atvinnuþróun sé *sjálfbærni* sem m.a. felur í sér meiri áherslu á starfsemi á nærsvæði og að tekjur af þeirri starfsemi séu nýttar á nærsvæði.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun – breytingar

Formaður greindi frá því að stjórn hefði samþykkt tillögur svæðisráðs varðandi veiðar. Þær eru komnar inn í drög að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun sem Alta er að vinna. Farið var yfir orðalagið eins og það er komið inn í áætlunina. Orra Páli var falið að koma að smávægilegri breytingu um hreindýraveiðarnar og gæta þess að orðið „Snæfellsöræfi“ verði tekið út alls staðar.

4. Næsti fundur

Formaður sagði að næsti stjórnarfundur yrði næsta miðvikudag en enginn fundur yrði hjá stjórn í desember. Í ljósi þess var næsti fundur svæðisráðs ákveðinn 10. janúar.

5. Önnur mál

- a. Svæðisráð ræddi um nauðsyn þess að skoða breytingar á reglugerð um þjóðgarðinn samhliða breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun, m.a. varðandi umferð á hestum og tjöldun. Formanni falið að fylgja því eftir innan stjórnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.30.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Einar Kr. Haraldsson